

- Skortur er á nýjum bílum á heimsvísu í ár. Ástæður eru bæði hnökror í framleiðslu og dreifingu vegna Covid-19 og stríðs í Evrópu og veruleg, snögg aukning eftirspurnar vegna hraðs viðsnúnings í ferðapjónustu.
- Samkvæmt Bílgreinasambandinu höfðu bílaleigur hug á að kaupa 5-6.000 bíla af umboðunum í ár en hafa fengið samninga um 4.000 bíla hingað til. Búið að afhenda um 1.800 bíla af þeim og vonast eftir rest í maí-júlí.
- Bílaleigur kaupa nú einnig notaða bíla innanlands og nýja og notaða erlendis, ásamt því að leitast við að fá til baka bíla úr langtímaleigu.
- Hlutfall erlendra ferðamanna til landsins í ár m.v. spá og fjölda bílaleigubíla í umferð er þó ívið lægra en árin 2017-2019. Á mynd 1 má sjá fjölda erlendra ferðamanna um KEF í toppmánuðinum ágúst 2017-2022 (spá) í hlutfalli við fjölda bílaleigubíla sama mánuð.
- Eftirfarandi þættir valda óvissu um stöðuna: Hækkað hlutfall bílaflotans í langtímaleigu eftir faraldurinn, hugsanleg minni nýting bílaflotans vegna skorts á varahlutum, þjónustu og vinnuafli, breyting á meðalleigutíma, breyting á samsetningu og aldri bílaflotans, hækkað verð, breytt ferðahegðun, m.a. lengri bóknarfyrirvari viðskiptavina.
- **Langtímaleiga:** Greinandi Ferðamálastofu hefur séð áætlun bílaleigu um að hlutfall langtímaleigu í greininni hafi vaxið úr um 20% árið 2017 í ríflega 40% 2022. Það myndi breyta stöðunni nokkuð. Sjá má hlutfall erlendra ferðamanna og bílaleigubíla í umferð m.v. þessar forsendur á mynd 2.
- **Meðalleigutími:** Á mynd 3 má sjá meðaldvalartíma erlendra ferðamanna 2015-2021 og spá fyrir 2022-2024. Að öðru jöfnu þýðir lengri dvalartími lengri leigutíma bíla. Lengri tími þýðir að færri geta leigt hvern bíl.
- **Samsetning flotans:** Um 90% núverandi flota eru fólksbílar og 8% sendibílar. Við skort á íhlutum eru framleiddir hlutfallslega fleiri dýrir bílar. Leigurnar þurfa að kaupa þá, sem hækkar fjárfestingu og leiguverð til viðskiptavina.
- **Breytt ferðahegðun** eftir Covid kann að hafa áhrif á spurn eftir bílaleigubílum en ekki er enn vitað hvort svo sé.
- **Aldur flotans:** Um 40% fjögurra ára eða eldri. Áberandi fái bílar frá árinu 2020 (mynd 4). Endurnýjunarþörf umtalsverð en þarf að bíða að stóru leyti.

Mynd 1 - Erlendir ferðamenn á hvern bílaleigubíl í umferð ágúst 2017-2022 (spá)

Ár (ágúst)	Í umferð (þús.)	Erl. ferðamenn um KEF (þús.)	Ferðamenn / bifreið
2017	26	284	11
2018	27	291	11
2019	25	252	10
2020	18	64	4
2021	19	152	8
2022	21	189	9


Spá um fjölda bíla og ferðamanna í ágúst 2022: Ferðamálastofa.
Heimild: Samgöngustofa, Ferðamálastofa

Mynd 2 - Erlendir ferðamenn á hvern bílaleigubíl í skammtímaleigu ágúst 2017-2022 (spá)

Ár (ágúst)	Í umferð (þús.)	Erl. ferðamenn um KEF (þús.)	Ferðamenn / bifreið
2017	20	284	14
2018	20	291	14
2019	18	252	14
2020	11	64	6
2021	11	152	14
2022	12	189	16

Spá um fjölda bíla og ferðamanna í ágúst 2022: Ferðamálastofa.
Heimild: Samgöngustofa, Ferðamálastofa, bílaleigufyrirtæki


Mynd 3 – Próun og spá um meðaldvalartíma ferðamanna 2015-2024S



ATH: (1) Breytt ferðamynstur þar sem styttri ferðum (helgar- og borgarferðir) hefur fækkað.

Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa og KPMG

Mynd 4 - Bílaleiguflokkinn eftir skráningarári



■ 2022 ■ 2021 ■ 2020 ■ 2019 ■ 2018 ■ 2017 ■ 2016

Heimild: Samgöngustofa